

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 5/2022****2022/EES/42/05****frá 4. febrúar 2022****um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar
reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/577 frá 29. janúar 2021 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/6 að því er varðar innihald og snið upplýsinga sem eru nauðsynlegar til að beita 4. mgr. 112. gr. og 5. mgr. 115. gr. og sem koma skulu fram í einkvæma auðkennisskírteininu til lífstíðar sem um getur í 4. mgr. 8. gr. þeirrar reglugerðar ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/578 frá 29. janúar 2021 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/6 að því er varðar kröfur um öflun gagna um sölumagn og um notkun sýkingalyfja fyrir dýr ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/805 frá 8. mars 2021 um breytingu á I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2019/6 ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/16 frá 8. janúar 2021 um að mæla fyrir um nauðsynlegar ráðstafanir og hagnýtt fyrirkomulag varðandi gagnagrunn Sambandsins yfir dýrallyf (vörugagnagrunnur Sambandsins) ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/17 frá 8. janúar 2021 um að koma á fót skrá yfir breytingar sem eru ekki matsskyldar í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/6 ⁽⁵⁾.
- 6) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1904 frá 29. október 2021 um að samþykka hönnun á sameiginlegu kennimerki vegna smásölu dýrallyfja í fjarsölu ⁽⁶⁾.
- 7) Ákvörðun þessi varðar m.a. löggjöf um lifandi dýr önnur en fisk og eldisdýr. Löggjöf á þessu sviði gildir ekki gagnvart Íslandi eins og fram kemur í 2. mgr. inngangsorða I. kafla I. viðauka við EES-samninginn.
- 8) Ákvörðun þessi varðar m.a. löggjöf um heilbrigði dýra. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra skulu ekki gilda gagnvart Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur varðandi aðlögun á tilteknum sviðum í I. viðauka við EES-samninginn.
- 9) Samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 371/2021 frá 10. Desember 2021 ⁽⁷⁾ gilda framseldar reglugerðir (ESB) 2021/1904 2021/577 og (ESB) 2021/578 og framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/1904 ekki gagnvart Liechtenstein.
- 10) I. og II. viðauki við EES-samninginn breytast því í samræmi við það,

⁽¹⁾ Stjttð. ESB L 123, 9.4.2021, bls. 3.⁽²⁾ Stjttð. ESB L 123, 9.4.2021, bls. 7.⁽³⁾ Stjttð. ESB L 180, 21.5.2021, bls. 3.⁽⁴⁾ Stjttð. ESB L 7, 11.1.2021, bls. 1.⁽⁵⁾ Stjttð. ESB L 7, 11.1.2021, bls. 22.⁽⁶⁾ Stjttð. ESB L 387, 3.11.2021, bls. 133.⁽⁷⁾ Verður birt.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi er bætt við á eftir lið 3b (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/963) í hluta 4.1 í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

„3c. **32021 R 0577:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/577 frá 29. janúar 2021 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/6 að því er varðar innihald og snið upplýsinga sem eru nauðsynlegar til að beita 4. mgr. 112. gr. og 5. mgr. 115. gr. og sem koma skulu fram í einkvæma auðkennisskírteininu til lífstíðar sem um getur í 4. mgr. 8. gr. þeirrar reglugerðar (Stjtið. ESB L 123, 9.4.2021, bls. 3).

Ákvæði þessarar gerðar gilda ekki gagnvart Íslandi.“

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða gerðar á XIII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi er bætt við 22. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2019/6):

„, breytt með:

– **32021 R 0805:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/805 frá 8. mars 2021 (Stjtið. ESB L 180, 21.5.2021, bls. 3).“

2. Eftirfarandi er bætt við á eftir 22. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/6):

„22a. **32021 R 0016:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/16 frá 8. janúar 2021 um að mæla fyrir um nauðsynlegar ráðstafanir og hagnýtt fyrirkomulag varðandi gagnagrunn Sambandsins yfir dýralyf (vörugagnagrunnur Sambandsins) (Stjtið. ESB L 7, 11.1.2021, bls. 1).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Í 4. mgr. 6. gr. koma orðin „opinberum tungumálum samningsaðilanna að EES-samningnum“ í stað orðanna „tungumálum Sambandsins“.

22b. **32021 R 0017:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/17 frá 8. janúar 2021 um að koma á fót skrá yfir breytingar sem eru ekki matsskyldar í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/6 (Stjtið. ESB L 7, 11.1. 2021, bls. 22).

22c. **32021 R 0578:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/578 frá 29. janúar 2021 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/6 að því er varðar kröfur um öflun gagna um sölumagn og um notkun sýkingalyfja fyrir dýr (Stjtið. ESB L 123, 9.4.2021, bls. 7).

22d. **32021 R 1904:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1904 frá 29. október 2021 um að samþykkja hönnun á sameiginlegu kennimerki vegna smásölu dýralyfja í fjarsölu (Stjtið. ESB L 387, 3.11. 2021, bls. 133).“

3. gr.

Texti framseldra reglugerða (ESB) 2021/578 og (ESB) 2021/805 og framkvæmdarreglugerða (ESB) 2021/16, (ESB) 2021/17 og (ESB) 2021/1904 á íslensku og norsku og texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2021/577 á norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á þessum tungumálum.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 5. febrúar 2022, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi farið fram (*), eða á gildistökuþingi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 371/2021 frá 10. desember 2021⁽⁸⁾, eftir því hvor dagsetningin er síðar.

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 4. febrúar 2022.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

(⁸) Verður birt.